

13. júní MNL

Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs um þýðingar og aðgengi að upplýsingum á vef Reykjavíkurborgar

Lagt er til að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samstarfi við svið þjónustu og nýsköpunar verði falið að móta tillögur og setja upp forgangsröðun á því efni á vef Reykjavíkurborgar sem nauðsynlegt er að þýða á erlend tungumál til þess að auka og auðvelda aðgengi að þjónustu Reykjavíkurborgar. Áfangaskipting verði hluti af forgangsröðun verkefna. Einnig að mótaðar verði tillögur að því hvaða kjarnaefni þurfi að vera á erlendum vef borgarinnar. Sérstök áhersla verði lögð á að auka og tryggja aðgengi að umsóknum um grunnþjónustu borgarinnar. Óskað er eftir að kostnaðargreining fylgi tillögunni.

Greinagerð:

Íbúar með annað móðurmál en íslensku er stór hópur þjónustupega Reykjavíkurborgar og ekki eru horfur á breytingum þar á. Stærsti einstaki hópurinn er pólskumælandi og enska er viðurkennt samskiptatungumál í heiminum í dag. Til þess að auðvelda þessum hópum aðgengi að þjónustu borgarinnar og einnig til að auðvelda þeim sem hyggjast flytja til Reykjavíkur að afla sér upplýsinga er löngu tímabært að setja fram meginefni á vef borgarinnar á öðru tungumáli en íslensku enda kjósa flestir að leita upplýsinga eða sækja þjónustu í gegnum internetið. framhaldi af útgáfu á erlendum síðum mikilvægt að huga að utanumhaldi og uppfærslu en slíkt mun krefjast aukins mannafla. Mælt er með að gert verði ráð fyrir stöðugildi starfsaðila með góða tungumálaþekkingu sem sinna mun uppsetningu texta á síðu á öðrum tungumálum en íslensku enda er ljóst að um mjög umfangsmikið verkefni er að ræða. Einnig þarf að gera ráð fyrir fjármagni í þýðingarþjónustu því óraunhæft er að ætla starfsmanni að þýða efni vefs borgarinnar yfir á pólsku og ensku.

Til að gefa hugmynd um kostnað má geta þess að samkvæmt rammasamningi um Túlka og þýðingarþjónustu kostar almenn þýðing pr. orð frá 23 – 40 kr. + VSK með prófarkalestri. Einnig má til viðmiðunar benda á að síða Veitna, www.veitur.is, var þýdd í heild sinni yfir á ensku og pólsku. Kostnaður við þýðingar á bæði tungumál var eitthvað yfir 2 milljónir með virðisaukaskatti en hafa verður í huga að aldrei verður um endanlega útgáfu efnis að ræða og því þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna þessa í reglulegum rekstri borgarinnar. Hér er enda um að ræða sjálfsagða þjónustu við íbúa borgarinnar, bæði núverandi og tilvonandi, sem líkleg er til að gera Reykjavík að eftirsóknarverðari stað til búsetu fyrir þá sem hyggjast setjast hér að tímabundið eða til lengri tíma vegna starfa eða náms.